

# STJÓRNARTÍÐINDI B 112 – 2004

13. september 2004

1879

Nr. 749

## GJALDSKRÁ

### Grundartangahafnar vegna hafnarverndar.

Með vísan til hafnarreglugerðar fyrir Grundartangahöfn nr. 214/1980, sem er í eigu Akraneskaupstaðar, Hvalfjarðarstrandarhrepps, Innri-Akraneshrepps, Leirár- og Melahrepps, Skilmannahrepps og sýslunefnda Borgarfjarðar- og Mýrasýslna, utan framangreindra hreppa, og á grundvelli laga um siglingavernd frá árinu 2004, samþykkti stjórn Grundartangahafnar á fundi sínum þann 26. ágúst 2004, eftirfarandi gjaldskrá vegna hafnarverndar:

1. Fast gjald pr. skip	kr. 63.910,00
2. Gjald miðað við stærð skipa	5,14 pr. brúttórúmllest
3. Gjald vegna legutíma	0,68 pr. brúttórúmllest og legutímabil

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

*Akranesi, 13. september 2004.*

**Gísli Gíslason** hafnarstjóri.

13. september 2004

Nr. 750

## AUGLÝSING

### um staðfestingu á breytingu á svæðisskipulagi sunnan Skarðsheiðar 1992-2012, Hafnarsel, Leirár- og Melahreppi.

Samkvæmt 2. mgr. 14. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 13. september 2004 staðfest breytingu á svæðisskipulagi sunnan Skarðsheiðar 1992-2012 frá 26. apríl 1994.

Breytingin felst í því að 7 ha landbúnaðarsvæði norðan Hafnarár, í landi Hafnarsels, breytist í frístundabyggðarsvæði.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Leirár- og Melahrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 13. september 2004.*

**Siv Friðleifsdóttir.**

*Ingibjörg Halldórsdóttir.*

## REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 669, 12. ágúst 2004,  
um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 2004/2005.**

### 1. gr.

Eftir 1. málslíð 5. mgr. 8. gr. komi tveir nýir málslíðir er orðast svo: Heimild samkvæmt þessari málsgrein er bundin þeim skilyrðum, að afla undir tilgreindum stærðum, sbr. 1. málslíð, sé haldið aðgreindum frá öðrum afla um borð í veiðiskípi og hann veginn sérstaklega af löggiltum vigtarmanni, sem annast endanlega vigtun. Þó er viðtakanda afla heimilt að aðgreina karfa styttri en 33 cm frá öðrum afla í vinnsluhúsi.

### 2. gr.

Reglugerð þessi er gefin út samkvæmt ákvæðum laga nr. 57, 3. júní 1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, með síðari breytingum, til að öðlast þegar gildi.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 13. september 2004.*

F. h. r.

**Vilhjálmur Egilsson.**

*Jón B. Jónasson.*